

Fundargerð ársfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

haldinn í Hörpu föstudaginn 28. september 2012, kl. 13.30

Kristinn setti fund og stakk upp á Elíasi Jónatanssyni sem fundarstjóra og Ingibjörgu Hinriksdóttur sem fundarritara.

Elías þakkaði traustið og bauð Kristinn Jónasson velkominn í pontu á ný til að flytja skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar

Kristinn lýsti því að hann hefði áhuga á að ræða starfsemi samtakanna og þess vegna væru hér ekki gestafyrirlesarar.

Meginhluti starfsemi stjórnar á síðasta ári fór í að vinna að skýrslu og:

Niðurgreiðslukerfi

Niðurgreiðsla flutningskostnaðar

Fjármögnun niðurgreiðslunnar

Jarðvarmaveitu uppbygging (hitaveita) og bætt orkunýting. Stofnvarmaveitur fá 12 ára stofnstyrk í stað 8 ára.

Skipting á fjárlagalið að beiðni iðnaðarráðuneytisins. Hækka niðurgreiðslu til dreifiveitna.

Veita umsögn um frumvarp.

Fundir stjórnar eru símafundir og hafa þeir gengið mjög vel. Ný heimasíða SSKS var tekin í notkun á árinu. Þar má m.a. finna ítarefni um varmaveitur og fleiri upplýsingar sem hægt er að nýta sér.

Seta stjórnarmanna í stjórn. Kristinn lýsti vilja til þess að hætta sem formaður og sagði frá hugrenningum stjórnar um að takmarkanir væru settar á lengd þess tíma sem stjórnarmenn gætu setið og að ákveðið ferli væri í þeim tíma sem hver stjórnarmaður situr þannig að endurnýjun í stjórn væri alltaf um einn stjórnarmann á ári.

Í gær var sett fram krafa til atvinnuvegaráðherra á fjármálaráðstefnunni og viðbrögð ráðherra við þeirri kröfu voru frekar jákvæð.

Árgjöld eru tiltölulega hófstíllt, 10.000 krónur á ári. Með þá litlu fjármuni er í raun ekkert hægt að gera. Spurning hvort fundurinn ákveðið að hækka árgjöldin þannig að möguleiki væri á að gera eitthvað til að vinna að framþróun þessa málaflokks. Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.

Stærsta verkefnið er að fylgja eftir þeim tillögum sem unnið hefur verið að á árinu og hvernig unnt er að nýta sér þá kosti og tækni sem varmadælur geta boðið uppá.

2. Ársreikningur 2012 lagður fram.

Kristinn fór yfir ársreikninginn og rekstur samtakanna. Hagnaður varð af rekstri samtakanna um 246.852 þúsund krónur sem er umtalsverður viðsnúningur frá fyrra ári. Var reikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Umræður um orkumál og framtíðarstefnu samtakanna.

Kristinn hvatti fundarmenn til að tjá sig um sína framtíðarsýn gagnvart samtökunum og hvert þau ættu að stefna.

Ásgeir Magnússon, Mýrdalshreppi, vísaði til erindis Þórodds Bjarnasonar á fjármálaráðstefnu í gær þar sem hann nefndi ákveðin varnarsvæði á landinu, það eru einmitt þau svæði sem eru á köldum svæðum. Jafnvel mætti segja að þar hefðu íbúarnir aðeins 11 mánaða laun þar sem stór hluti tekna fer í húshitun. Hann benti á kyndingarkostnað opinberra stofnana sem ekki hafa notið niðurgreiðslu hingað til. Hann lýsti yfir stuðningi við hugmyndir Kristins um stjórnarsetu.

Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ, sér fyrir sér að samtökin séu að ná árangri í jöfnun húshitunarkostnaðar. Hann vill einblína á jöfnun húshitunarkostnaðar og hann telur að nú sé gluggi, fram að kosningu, til þess að fá ríkisvaldið á móts við SSKS. Hann hvatti til þess að aukinn kraftur verði settur í verkefnið í núverandi fjárlagavinnu og lýsti yfir stuðningi við Kristinn til áframhaldandi stjórnarsetu.

Ómar Már Jónsson, Súðavíkurbæ, tók undir með Daníel varðandi efasemdir um varmadælur. Ef öll hús tækju upp varmadælur væri það kostnaður upp á 9 milljarða miðað við 650 þúsund króna meðalkostnað. Hann telur rétt að beina fjármununum inná við og leit að heitu vatni. Stóra málið eru niðurgreiðslurnar, þar þarf að sækja á.

Elías Jónatansson, Bolungarvíkurbæ, tók undir með Daníel og Ómari og lagði áherslu á að það þyrfti að ná samningum um niðurgreiðslurnar. Hann er þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að varmadæluvæða fjarvarmaveiturnar. Elías telur að ríkið eigi að taka þátt í þessu því það er hagur ríkisins að varmadælur nái meiri fótfestu.

Ásgeir tók aftur til máls og undirstrikaði það að varmadæla byggji ekki til orku. Það er tiltölulega auðvelt að ná í 30-35 gráðu heitt vatn sem er ekki nægilega heitt til að mynda hitaveitu, en slíkt vatn væri hægt að nota í

varmadæluverkefni. Varmadæluvæðing er ekki fýsilegur kostur fyrir hvert heimili.

Pórður D. Magnússon, Grundarfjarðarbæ, telur að SSKS hafi náð gríðarlega miklum árangri og sé á réttri leið.

Björn St. Pálmason, spurði hvort samtökin og sveitarfélögin hafi verið of mikið til baka og telur að nú sé lag og menn þurfi að horfa á varanlega lausn.

Kristinn þakkaði umræðuna og benti á að nú væri innan atvinnuvegaráðuneytisins starfandi ráðuneytisstjóri, Kristján Skarphéðinsson, sem væri hliðhollur samtökunum. Hann telur að nú sé rétt að nota tímann og óskaði eftir því að fá glærusýningu Þórodds Bjarnasonar frá í gær sendar til aðildarsveitarfélaga.

Ómar, tók undir með Kristni og þeim sem áður höfðu talað en hann telur að mikil tækifæri felast í þeim kerfum sem þegar eru til staðar. Nú er þó að komast á ákveðið jafnvægi gagnvart varmadælum og það er orðið raunhæft fyrir stofnanir að nýta sér kosti varmadæla. Bil milli þeirra sem telja sig í þéttbýli og dreifbýli er alltaf að aukast, niðurgreiðslur eru nauðsynlegar.

Björn Pálmason segir að þetta sé eilífðarmál og nú þarf ekki skilning stjórnmalamanna það þurfa að fara að berast greiðslur.

4. Kosning þriggja manna stjórnar og þriggja varamanna.

Daníel Jakobsson lagði til að núverandi stjórn sitji áfram og var það samþykkt. Varamenn voru sömuleiðis endurkjörnir.

5. Önnur mál.

Ómar Már Jónsson lagði til hækkun árgjalda.

Daníel lagði til að aðildarsveitarfélög væru upplýst um gang mála öðru hvoru t.d. með símafundum.

Ásgeir Jónsson lagði til að árgjöldin yrðu 30.000 krónur og var það samþykkt.

Kristinn þakkaði fundarstjóra, fundarritara og fundargestum góðan fund og sleit fundi kl. 14:25.